

Miðvikudaginn 11. jan. 1933.

Nr. 174/1932. **Réttvísinn** (Sveinbjörn Jónsson).

gegn

Magnúsi Eiríkssyni, Steini Guðmundssyni og Guðjóni Guðjónssyni
(Guðmundur Ólafsson).

Innbrotspjófnaður.

Dómur aukaréttar Ísafjarðar 28. apríl 1932: Ákærðir, Magnús Eiríksson og Steinn Guðmundsson, sæti hvor um sig 10 mánaða betrunarhússvinnu og ákærður, Guðjón Guðjónsson, 2 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

En fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún niður falla eftir 5 ár frá uppsögn dómsins ef skilorð laga nr. 39, 16. nóv. 1907, eru haldin.

Ákærðir greiði allir in solidum forstjóra áfengisverzlunarinnar hér kr. 254,00 í iðgjöld.

Ennfremur greiði ákærðir, Magnús Eiríksson og Steinn Guðmundsson, honum in solidum kr. 285,50 í iðgjöld.

Svo greiði allir hinir ákærðu in solidum allan af málinu löglega leiðandi kostnað þar á meðal varnarlaun hins skipaða talsmanns síns, cand. jur. Óskars Borg, 50,00 krónur.

Ídæmd iðgjöld greiðist innan 15 daga frá löglegri birtingu dómsins, og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Hinir ákærðu, Magnús Eiríksson og Steinn Guðmundsson, hafa gerzt sekir um verkað þann einn, sem lýst er í 231. gr. 4. tölul. almennra hegningarlaga, sbr. við 55. gr. sömu laga, en ákærði Guðjón Guðjónsson, um verknað samkvæmt sama tölulið 231. gr. hegningarlaganna, sbr. 48. gr. þeirra. Þykir hegning þeirra hæfilega ákveðin, samkvæmt 7., sbr. 6. gr. laga nr. 51 frá 7. maí 1928, hinna tveggja fyrst-

nefndu 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en hins síðastnefnda 2 mánaða samskonar fangelsi. En fresta skal fullnustu refsingarinnar og niður skal hún falla að fimm árum liðnum, ef skilorð laga nr. 39/1907 verða haldin, eins og í hinum áfrýjaða dómi segir.

Samkvæmt skýrslu forstjóra Áfengisverzlunar ríkisins á Ísafirði var alls saknað um 95 fl. af 5 vintegundum með mismunandi útsöluverði. Sannað er að hinir ákærðu hafa tekið alls 58 fl., en ekki er upplýst af hvaða tegund eða með hvaða útsöluverði þær hafa verið, nema þær 32 flöskur, sem aftur var skilað eða greiddar voru. Þegar ákveða skal iðgjöld fyrir þær 26 fl., sem ekki var skilað eða greiddar voru, verður því að leggja það til grundvallar, að þær hafi verið þeirrar tegundar, sem lægsta verði voru seldar, eftir því sem til vinnst, og gátu þá af þessum 26 fl. 4 hafa verið seldar á kr. 8,50, 15 á kr. 7,00 og 7 á kr. 9,50, og verður það samtals kr. 205,50. Með því að engar sannanir eru fram komnar um það, að þær nálægt 37 fl., sem saknað var fram yfir þá tölu, er hinir ákærðu játa sig hafa tekið, hafi horfið af völdum þeirra, þá verða þeir ekki dæmdir í þessu máli til þess að greiða andvirði þeirra. Ber því að dæma hina ákærðu til að greiða in solidum kr. 205,50 í iðgjöld.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði þykir mega staðfesta. Svo greiði hinir ákærðu in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 80,00 kr. til hvors.

Í héraði bendluðust 4 aðrir menn við mál þetta, og hefir því eigi verið áfrýjað að því leyti. Þeir

þeirra töldust hafa veitt aðstoð sína til þess að koma þýfinu undan. Öllum þessum 4 mönnum ákvað rannsóknardómarinn sektarhegningu, án þess að til málshöfðunar kæmi. Einn þessara manna, Eggert Haraldsson, hafði sofið í herbergi ákærða, Guðjóns Guðjónssonar, nóttina, sem þjófnaðurinn var framinn. Vaknaði hann er hinir ákærðu komu inn í herbergið um nóttina með nokkuð af áfenginu og fékk þá grun, eða jafnvel vissu um að það mundi vera þeim ófrjálst. Hann neytti einskis af áfenginu og tók engan þátt í brotinu, beint eða óbeint. Um morguninn fór hann alfarinn úr herberginu. Rannsóknardómarinn telur Eggert þennan hafa gerzt brotlegan við 240. gr. hegningarlaganna fyrir það eitt, að hann skýrði lögreglunni ekki frá því hvers hann hafði orðið áskynja, og ákvað honum því 60,00 kr. sektarhegningu. Taldi dómarinn sig hafa heimild til að lúka máli Eggerts með þessum hætti „samkvæmt“ analogíu“ „6. gr. laga nr. 51 1928“. Með því að ekki verður séð, að nefndur Eggert Haraldsson hafi með fyrr nefndu afskiptaleysi sínu gerzt brotlegur eftir 240. gr. hegningarlaganna eða öðrum réttarreglum, þá verður að átelja það, að rannsóknardómarinn hefir ákveðið honum sektarhegningu þessa.

Því dæmist rétt vera:

Hinir ákærðu, Magnús Eiríksson og Steinn Guðmundsson, sæti 4 mánaða og ákærði, Guðjón Guðjónsson, 2 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. En fresta skal fullnustu refsingarinnar og niður skal hún falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga nr. 39 1907 verða

haldin. Svo greiði allir hinir ákærðu in solidum forstjóra Áfengisverzlunar ríkisins á Ísafirði kr. 205,50 í iðgjöld.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Loks greiði hinir ákærðu in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálaflutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Guðmundar Ólafssonar, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn ákærðum Magnúsi Eiríkssyni vélstjóra, Steini Guðmundssyni sjómanni og Guðjóni Guðjónssyni matsveini, öllum til heimilis á Ísafirði, fyrir stórbjófnað og þjófnað til refsinga, greiðslu iðgjalda og málskostnaðar og eru atvik og tildrög málsins upplýst sumpart með eigin játningu og sumpart á annan hátt, þau, er hér greinir.

Aðfaranótt 26. febr. þ. á., kl. um 4 f. h., komu ákærðir, Magnús Eiríksson og Steinn Guðmundsson, er bjuggu í vélskipinu „Valbjörn“, er lá við hafnarbryggjuna hér í bænum, sér saman um að brjótast inn í áfengisverzlunina, sem er skúr eða bakhýsi við húseignina nr. 3 við Hafnarstræti hér í bænum, spölkorn fyrir sunnan hafnarbryggjuna. Brutust ákærðir inn í búðina með þeim hætti, að þeir ýttu hurðinni frá stafnum að ofan svo mikið, að þeir komu kútskafti á milli hurðar og dyrastafs og sprengdu svo falsinn á karminum frá dyrastafnum.

Fóru svo um borð í vélbátinn, en ákærður, Steinn, vakti meðákærðan, Guðjón Guðjónsson, er svaf í skipinu, sagði honum frá hvað þeir Magnús höfðu aðhafst og spurði

hvort hann vildi eigi koma með þeim og ná sér í áfengi, vildi Guðjón það og klæddist, fór svo með þeim Magnúsi og Steini upp að áfengisbúðinni. Tóku þeir þar fyrst nokkrar vínflöskur og réttu út til Guðjóns, er stóð úti fyrir dyrunum og vildi eigi fara inn í búðina í það sinn, báru þeir svo vinið allir í félagi í vösum sínum um borð í v/s Valbjörn og fálu það í lyftingu skipsins, jafnframt neyttu þeir úr einni flösku vins í það sinn, en fóru svo enn tvær ferðir upp í áfengisbúðina, tóku það sem þeir gátu borið af vínflöskum í vösum sínum og fluttu um borð í Valbjörn.

Alls fluttu þeir 58 vínflöskur út í skipið. Létu svo 51 flösku í poka, fluttu þar af 28 flöskur upp í hús við Mjó-götu 8 hér í bænum og fólu í skúffu undir legubekk í herbergi, er Guðjón leigði þar. En 23 flöskur fluttu þeir upp í hús svonefnt Grund ofar í bænum og fólu þar í skúffu undir legubekk í herbergi, er Steinn leigði þar. Úr þrem flöskum vins drukku ákærðir, ein flaskan brotnaði hjá þeim, og 3 gáfu þeir þriðja manni.

Að réttarins áliti hafa ákærðir, Magnús Eiríksson og Steinn Guðmundsson, með greindu atferli orðið sekir um innbrotshjófnað og ber að heimfæra brot þeirra, sem báðir eru komnir yfir lögaldur sakamanna, hinn fyrrnefndi fæddur 24. júní 1899 og síðarnefndi 16. dezember 1904, undir 231. gr. sbr. 55. gr. hinna alm. hegningarlaga 25. júní 1869 og þykir refsing þeirra, er áður hafa eigi sætt ákæru eða refsingu fyrir neinn glæp, vera hæfilega metin 10 mánaða betrunarhússvinna fyrir hvorn þeirra.

Að því ákærðan, Guðjón Guðjónsson, snertir, þá átti hann engan þátt í innbrotinu í áfengisverzlunina. Að réttarins áliti er brot hans í því fólgið, að hann aðstoðaði þá Magnús Eiríksson og Stein Guðmundsson við að taka vinið úr áfengisverzluninni og flytja þaðan, hagnýta sér það og koma því undan og þykir refsing hans, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, fæddur 16. jan. 1910, hefir áður sætt 50,00 kr. áfengislagasekt, og 25,00 kr. sekt fyrir brot á 156. gr. hinna almennu hegningarlaga, en annars eigi sætt ákæru eða refsingu fyrir neinn glæp, hæfilega metin 2 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. samkv. 6. gr. l. nr. 51, 1928 sbr. 48. gr. hinna alm. hegningarlaga og með tilliti til eðli glæpsins, sérstaklega að eigi virðist

svo sem ákærðir hafi framið brotið í því skyni að hagnast við sölu á vininu, heldur afla þess til neyzlu og að þeir könnuðust greiðlega við afbrotið, þá þykir mega ákveða samkvæmt 1. gr. laga nr. 39, 1907 sbr. 4. gr. laga nr. 51, 1928 að því er ákærðu Magnús oð Stein snertir, að fullnustu refsingar allra hinna ákærðu skuli frestað og hún niðurfalla eftir 5 ár frá uppsögn dómsins ef fullnægt verður lögmætum skilyrðum.

Að því greiðslu iðgjalda snertir þá hefir forstjóri áfengisverzlunarinnar hér, skýrt réttinum frá, að hann samkvæmt bókum og vöruupptalningu sakni eftir innbrotið í verzlunina 95 flöskum vins fyrir kr. 855.00 með útsöluverði og geti eigi verið að ræða um mistalningu, er nemi meiru en í hæsta lagi 2—3 flöskum og krefst því iðgjalds fyrir það af vininu, er eigi hefir verið skilað aftur. Þykir verða að taka kröfu þessa til greina, þó þannig, að gera verði að vanti 3 flöskur, vegna mistalningar og telst verð þeirra krónur 28.50. Verður iðgjaldakrafan því kr. 826.50. Það þykir vera nægilega upplýst, að ákærðir tóku úr áfengisverzluninni að minnsta kosti 58 vinflöskur og ber að telja útsöluverð hverrar flösku kr. 9.50 eða samtals kr. 541.00, þar af er endurgreitt kr. 287.00, óskilað er því vini fyrir krónur 254.00, er hinum ákærðu bera að greiða „in solidum“ til forstjóra Áfengisverzlunar ríkisins, hér.

Um eftirstöðvar iðgjaldakröfunnar kr. 285.50 er það að athuga, að þar eð ákærði, Magnús og Steinn, voru einir um að brjótast inn í áfengisverzlunina og að Steinn, er siðastur gekk um búðina, skildi dyrnar eftir opnar svo að nokkurt bil var á milli hurðar og dyrastafs, þykir verða að gera þá ábyrga fyrir þeim hluta vinsins, er ekkert hefir orðið upplýst um, hvernig hvarf úr áfengisverzluninni og dæma þá in solidum að greiða forstjóra áfengisverzlunarinnar þennan hluta iðgjaldanna eða krónur 285.50.

Svo ber hinum ákærðu að greiða in solidum allan af málinu löglega leiðandi kostnað þar á meðal varðhaldskostnað og laun hins skipaða talsmanns síns 50.00 kr.

Það vottast að meðferð málsins hefir verið vítalaus.